



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
www.isafjordur.is | 450 8000

**Nemendagarðar Lýðskólans á Flateyri ses.
Hafnarstræti 11
425 Flateyri**

Ísafjörður, 11. mars 2021

Efni: Umsókn um stofnframlag til Ísafjarðarbæjar

Hér með staðfestist að Nemendagarðar Lýðskólans á Flateyri ses., kt. 420919-0260, hafa sótt um 12% stofnframlag til sveitarfélagsins vegna byggingar nemendagarða fyrir Lýðskólann á Flateyri. Umsókn þess efnis barst sveitarfélaginu fyrst þann 9. september 2020, og aftur þann 3. mars 2021. Stofnvirði umsóknar vegna bygginganna eru um 390m kr. og eru samkvæmt umsókn vegna 16 íbúða, eða 26 stúdíóíbúða í þremur aðskildum húsum sem byggja á sömu hönnun. Eitt húsið eru tvær einingar tengdar með sameiginlegu rými, en hin tvö eru sex íbúða hús.

Sótt hefur verið um lóð við Hafnarstræti 29 á Flateyri, en til vara við Grundarstíg 14. Lóðum hefur ekki verið úthlutað en sveitarfélagið veitir vilyrði fyrir lóðum í samræmi við skipulag og umsóknir séu lóðar tækar til úthlutunar. Verður frekari afstaða tekin til þessa þegar/ef stofnframlög verða samþykkt af sveitarfélaginu og HMS.

Ákvörðun um efnislega afstöðu til umsóknar Nemendagarðanna vegna stofnframlaga frá sveitarfélaginu verður tekin við fyrsta tækifæri og tilkynnt málsaðilum.

Birgir Gunnarsson

bæjarstjóri